

Landsvirkjun
Pétur Ingólfsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

2005050042
7505; 9310

Reykjavík, 23. ágúst 2005
/--

Efni: Breyting á efnistöku úr Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Landsvirkjunar mótttekið 19. júlí 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á efnistöku úr Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landbúnaðarráðuneytis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshreppi með bréfi dags. 12. ágúst 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 27. júlí 2005, Landbúnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 17. ágúst 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júlí 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Landsvirkjun með tölvupósti dags. 24. ágúst 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að nýta allt að 200.000 m³ af jarðefni úr Bessastaðaármelum í stað 100.000 m³ sem sótt hafi verið um í matsferli vegna Kárahnjúkavirkjunar árið 2001. Fram kemur að breytingin felist í stækkun efnistökusvæðis um 1,3 ha og lækkun námusvæðisins niður í allt að 25 m.y.s. Að efnistöku lokinni sé gert ráð fyrir að jafna efni sem ýta þarf ofan af námunni yfir námubotninn í um 30 - 50 sm þykku lagi. Fram kemur að námusvæðið verði afvatnað til suðurs og fyrirhugað sé að sá í raskað svæði í samráði við námueiganda. Gert sé ráð fyrir að áhrif stækkunarinnar á umhverfið felist einkum í hávaða, sandfoki og rykmyndum. Hingað til hafi einkum borið á sandfoki úr efnishaugum og námubotni í hvassviðri þegar vinnsla liggja niðri, en ekki hafi kvartanir borist vegna þessa.

Fram kemur að áður en framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust hafi landið verið nýtt sem beitiland fyrir sauðfé og hesta og sé fjárrétt skammt frá í eigu Fljótsdalshrepps sem hafi ekki gert athugasemdir við fyrirhugaða stækkun námunnar. Fram kemur að fyrirhugað námusvæðið sé jafnhallandi melur til austurs að Jökulsá í Fljótsdal, með nokkrum grunnum lænum. Melurinn sé gróinn algengum þurrlendis- og melagróðri en í lænunum sé gróðurþekjan þéttust. Fram kemur að á Bessastaðaármelum hafi hvorki fundist mjög sjaldgæfar eða friðlýstar tegundir né tegundir á válista:

Fram kemur að fyrirhugað sé að efnistöku vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun verði lokið í árslok 2008

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stækkun námunar komi fram í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps sem gert sé ráð fyrir að auglýsa innan tíðar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Austurlands og landbúnaðarráðuneytisins kemur fram að ekki sé talið að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að aukin efnistaka úr Bessastaðaármelum muni fyrst og fremst hafa sjónræn áhrif í för með sér. Unnt verði að draga verulega úr þessum áhrifum með því að fella efnistökusvæðið eins og kostur sé að lögun melsins. Halda ætti efnistöku áfram við frambrún melsins og huga að aðlögun námubotns að öröskuðu landi utan námunnar, en þar sé um nokkurn hæðarmun að ræða. Stofnunin telji ekki líklegt að aukin efnistaka úr Bessastaðaármelum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef dregið verði úr sjónrænum áhrifum í samræmi við framangreindar ábendingar eins og kostur er.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Landsvirkjun muni verða við ábendingu Umhverfisstofnunar eins og kostur er og halda áfram efnistöku meðfram brún melsins en skv. rannsóknnum virðist gæði efnis vera mest á skilgreindu efnistökusvæði. Gert sé ráð fyrir að vinna námuna niður í um 25 m.y.s sem sé nokkurn veginn hæðin á öröskuðu landi umhverfis melinn.

Áhrif á landnotkun. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps bendir á að um sé að ræða svæði sem þegar hafi verið nýtt til umfangsmikillar efnisvinnslu og því sé ekki um breytta landnotkun að ræða. Vakin sé athygli á því að huga þurfi að nálægð námusvæðis við Melarétt sem sé í eigu sveitarfélagsins og vatnsból og fjárhús í eigu Skriðuklausturs. Þá komi ekki fram í gögnum sem bárust, staðfesting á því að landeigendur hafi samþykkt stækkun námunnar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að við vinnslu námunnar verði eins og kostur er tekið tillit til annarra landnota á svæðinu svo sem aðstöðu við Melarétt.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Sveitastjórn Fljótsdalshrepps bendir á að framkvæmdaraðili

hafi óskað eftir breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna stækkunarinnar og hafi sveitarstjórn samþykkt að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa þá breytingu ásamt öðrum breytingum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á efnistöku úr Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka á Bessastaðaármelum muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins verði verktilhögun og frágangur með þeim hætti sem kynnt er í framlögðum gögnum Landsvirkjunar og umsögn Umhverfisstofnunar. Sveitastjórn Fljótsdalshrepps hefur bent á í umsögn sinni að huga þurfi að nálægð framkvæmdasvæðisins við Melarétt og Skriðuklausturs og tekur Skipulagsstofnun undir mikilvægi þess að landnotkun á svæðinu umhverfis fyrirhuguð framkvæmdasvæði verði ekki skert. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd eða landnotkun svæðisins verði þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar fylgt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsvirkjunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á efnistöku úr Bessastaðaármelum í Fljótsdalshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og þarf Landsvirkjun að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. september 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshreppur, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landbúnaðarráðuneytið og Umhverfisstofnun.